


✉ Re: Fagrihvammur, nýtt íbúðarsvæði ÍB15, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029.

Búið til	4.2.2022 14:36:05
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	4.2.2022 14:36:04
Tilheyrir	 202201-0051 - Fagrihvammur, nýtt íbúðarsvæði, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029.

## Efni

Re: Fagrihvammur, nýtt íbúðarsvæði ÍB15, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029.

## Upplýsingar

Sent	4.2.2022 14:36:04	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Vinnsla

## Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	gfb@hveragerdi.is

## Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202201-0051 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar, dags. 17. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2027. Breytingin varðar 4,3 ha svæði við Fagrahvamm og felur í sér breytingu á landnotkunarskilmálum þ.a. svæði sem nú er skilgreint sem athafnasvæði með heimild fyrir íbúðarbyggð að hluta til, verður skilgreint sem íbúðarsvæði með heimild fyrir verslun- og þjónustu og athafnastarfsemi að hluta til þar sem áhersla er lögð á ferðaþjónustu og ylrækt.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar þann 29. desember 2021. Í umsögninni kom fram að Náttúrufræðistofnun gerði ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna en benti á að huga þyrfti að bökkum Varmár sem er á núgildandi náttúruvinnjaskrá og tryggja þarf að þeim verði ekki raskað, sem og vanda til verka við útfærslu á íbúðarbyggð næst Varmá þannig að verndargildi árinna sé ekki ógnað.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við einstaka þætti í aðalskipulagstillögunni og tekið er tillit til þeirra ábendinga sem komu fram í umsögn um skipulagslýsingu. Áfram er hverfisvernd á Varmá og bökkum hennar sem er jákvætt. Þá virðast nýir byggingareitir fyrir íbúabyggð ekki vera staðsettir nálægt ánni miðað við það sem kemur fram á uppdætti aðalskipulagstillögunnar. Stefnt er að verndun trjágróðurs á svæðinu, í það minnsta trjám sem hafa verið metin með verndargildi, sem ætti að vera jákvætt fyrir líffræðilega fjölbreytni innan byggðarinnar s.s. fugla- og smádyralíf.

Virðingarfyllt.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Guðmundur F Baldursson" <gfb@hveragerdi.is>

**To:** "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Minjastofnun" <postur@minjastofnun.is>; "hs@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Veðurstofa Íslands" <skrifstofa@vedur.is>; "Rarik ohf" <rarik@rarik.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "Gunnlaugur Jónasson" <gunnlaugur@olfus.is>; "Hannes Sigurðsson" <hsver@simnet.is>; "Hermann Ólafsson" <hermann@landhonnun.is>; "Helga Sigurdadottir" <helgasigur86@gmail.com>; "Jóhann Ísleifsson" <johannis@simnet.is>; "ingvi.tomasson@strax.com" <ingvi.tomasson@strax.com>; "fagrihvammur@simnet.is" <fagrihvammur@simnet.is>; "kristingunnars@gmail.com" <kristingunnars@gmail.com>

**CC:**

**Subject:** Fagrihvammur, nýtt íbúðarsvæði ÍB15, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029.

**Date:** 17.1.2022 08:54:50

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 13. janúar 2022 var samþykkt að kynna breytingartillögu við aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017-2027, forsendur hennar og umhverfismat, fyrir íbúum bæjarins og öðrum hagsmunaaðilum skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin, sem nær til 4,3ha. svæðis í og við Fagrahvamm, felur í sér að ríkjandi landnotkun á svæðinu, sem nú er skilgreind sem athafnasvæði með heimild fyrir íbúðarbyggð að hluta til, verður skilgreind sem íbúðarsvæði með heimild fyrir verslun- og þjónustu og athafnastarfsemi að hluta til þar sem áhersla er lögð á ferðaþjónustu og ylrækt.

Breytingartillagan, sem er hér í viðhengi, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar.

Þeir sem vilja koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum við tillöguna, skulu senda þær til skipulagsfulltrúans í Hveragerði fyrir 4. febrúar 2022 á heimilisfangið „Breiðamörk 20, 810“ Hveragerði eða í tölvupósti á netfangið gfb@hveragerdi.is (mailto:gfb@hveragerdi.is).

Stefnt er að því að auglýsa breytingartillöguna í framhaldi af þessari kynningu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en þá gefst 6 vikna frestur til að skila inn athugasemdum við hana.

Kær kveðja,

Guðmundur F. Baldursson

Skipulagsfulltrúi

Sími: 483 4000; 660 3910

Viðhengi

image001.png (5 KB)